



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

## Meðferð trúnaðarupplýsinga – minnisblað sveitarstjóra

Á síðasta ári gerist það að póstur sem undirritaður sendi þann 18.09 á sveitarstjórn, skrifstofustjóra og endurskoðanda sveitarfélagsins, var birtur í heild sinni á bb.is stuttu síðar. Í neðanmáli tölvupóstsins er þó ítarleg ábending um trúnað og meðferð á innihaldi póstsins.

Undirritaður taldi þetta ekki eðlilegt og bar málið undir persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Hans niðurstaða er eftirfarandi:

„Sæll aftur

Þær persónuupplýsingar sem eru í bréfinu varða rannsókn á opinberum styrkjum sem Jón Jónsson hefur fengið. Ákvæði 42. gr. ssl. mælir fyrir um gögn sem eru trúnaðarmerkt á **grundvelli laga eða annarra reglna**. Einungis er heimilt að ákveða að upplýsingar lúti þagnarskyldu sé það nauðsynlegt til verndar ákveðnum opinberum eða einkaréttarlegum hagsmunum. Helsta ákvæðið sem þarna gæti átt við er 8. tölul 1. mgr. 42. gr. þar sem fram kemur að þagnaskylda þeirra sem starfa á vegum sveitarfélaga taki til einka- og fjárhagsmálefna sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Svo virðist sem sveitarstjórnarmaður hafi komið umræddum pósti til fréttamiðils. Þó hér hafi verið um að ræða gögn sem vörðuðu skýrslu sem til stóð að birta verður að hafa í huga að hér hefur sveitarstjórnarfulltrúi án alls samráðs tekið einhliða ákvörðun um birtingu þessa gagns sem er hluti af máli sem enn var í vinnslu og án þess að gæta að þeim reglum sem um slíkt gildir í upplýsingalögum nr. 140/2012. Þar segir m.a. í 2. mgr. 17. gr. að áður en ákvörðun er tekin um aðgang að gögnum sem geta varðarð einkahagsmuni getur stjórnvald skorað á þann sem upplýsingarnar varða að upplýsa um hvort hann telji að þær eigi að fara leynt. Sem dæmi um áhrif þess að virða ekki greint ákvæð má benda á **dóm Landsréttar í máli nr. 52/2023**, þar sem *Matvælastofnun var gert að greiða bætur þar sem ekki hafði verið beint áskorun að Brúneggjum ehf. um að upplýsa um hvort félagið teldi að tiltekna upplýsingar sem afhentar voru RÚV ohf. hefðu átt að fara leynt*. Ég get því verið sammála því að það sé ekki í samræmi við 42. gr. stjórnslulaga, sbr. 4. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að sveitarstjórnarmaður sendi tölvupóst sem inniheldur persónuupplýsingar einstaklings vegna máls sem er í vinnslu til fjölmiðla. Hvað varðar persónuvernd þá get ég ekki séð að heimild til þessarar vinnslu persónuupplýsinga sé að finna í 6. gr. GDPR.

Hafðu endilega samband ef þú hefur einhverjar spurningar, S. 669-7926.

# Pacta.

Jón Páll Hilmarsson

Lögmaður / Attorney at law”

Með hliðsjón af niðurstöðu persónuverndarfulltrúans, er rétt að áréttta mikilvægi þess, að virða upplýsingar sem merktar eru trúnaðarmál og/eða kunna að halda þannig upplýsingar. Ef einhver er í vafa, er ávallt rétt að kanna réttmæti birtingar eða áframsendingar, áður en

**STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410**

ákvörðun um að senda frá sér aðsend trúnaðargögn, er tekin. Þetta gildir um sveitarstjórnarmenn jafnt sem starfsmenn sveitarfélagsins og aðra er fá pósta merкта sem trúnaðarmál.

10.1.25

Þorgeir Pálsson

Oddviti/sveitarstjóri

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS